

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi stofnunarlóðar við Reykjaveg, Mosfellsbæ.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi stofnunarlóðar við Reykjaveg, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 12. júlí 2001.

Breytingin felst í því að byggingarreitur við leikskólann Reykjakot er stækkaður jafnframt því sem búinn er til byggingarreitur fyrir færanlegar leikskólastofur. Gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingum. Stærð lóðar er óbreytt.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess falla úr gildi eldri deiliskipulagsupprættir.

*Mosfellsbæ, 30. júlí 2001.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.